

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson.

### 1. gr.

#### *Nafn og lögheimili.*

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else S. Bárðarson. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Heimili sjóðsins og varnarþing er þar sem lögheimili Landgræðslusjóðs er á hverjum tíma, nú Skúlatúni 6, Reykjavík.

### 2. gr.

#### *Stofnendur og stofnfé.*

Sjóðurinn er stofnaður af Landgræðslusjóði, kt. 710169-1609 og Landgræðslu ríkisins, kt. 710169-3659, árið 2011 og leggja þessir aðilar honum til stofnfé að 50 hundraðshlutum hvor. Stofnfé sjóðsins er 40 milljónir króna og er hluti af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson, fyrrverandi siglingamálastjóra, sem andaðist 7. apríl 2009 og konu hans, Else Sörensen Bárðarson, sem andaðist 28. maí 2008.

### 3. gr.

#### *Aflafé.*

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast. Berist sjóðnum gjafafé skal það leggjast við stofnfé, nema annað sé tekið fram af hálfu gefanda.

### 4. gr.

#### *Markmið.*

Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknaverkefni í landgræðslu og skógrækt á Íslandi. Í því sambandi skal sérstök áhersla lögð á vistfræði lúpínu og landgræðsluskógrækt með lúpínu. Styrkþegar geta verið opinberir aðilar, einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki í nóvember ár hvert.

### 5. gr.

#### *Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur einstaklingum til þriggja ára. Tilnefni Landgræðsla ríkisins einn stjórnarmann, Skógræktarfélag Íslands einn stjórnarmann og einn skal tilnefndur af Skógrækt ríkisins. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Forfallist stjórnarmaður, eða varastjórnarmaður, endanlega, skal tilnefna nýjan í hans stað. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarstörf skulu ólaunuð, en stjórnarmenn fá greiddan útlagðan kostnað, svo sem vegna ferða á stjórnarfundi.

Við ákvarðanatöku skal stjórnin leitast við að ná einróma samkomulagi, en annars gildir einfaldur meirihluti til að skuldbinda sjóðinn.

### 6. gr.

#### *Fjárvarsla og ársreikningar.*

Landgræðslusjóður skal, í umboði stjórnar sjóðsins, annast um varðveislu eigna og ávöxtun á fé hans. Leitast skal við að tryggja sem besta ávöxtun á hverjum tíma án þess að stofna fé sjóðsins í hættu. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun til næstu áramóta. Ársreikningur skal staðfestur af löggiltum endurskoðanda. Þá skal reikningshald fara eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa eftir staðfestri skipulagsskrá.

### 7. gr.

#### *Styrkveitingar.*

Stjórn sjóðsins setur reglur um umsóknir og úthlutun styrkja í samræmi við tilgang sjóðsins og ákveður þá fjárhæð sem úthluta skal hverju sinni. Stjórn sjóðsins skal hafa til viðmiðunar við styrk-

úthlutunir að á 1. úthlutunarári verði 1/10 úthlutað af höfuðstóli, á 2. ári 1/9, á 3. ári 1/8 o.s.frv. þar til sjóðurinn er tæmdur á 10. ári. Árlega verði varið um það bil 1/3 af vöxtum til úthlutunar og 2/3 lagðir við höfuðstól.

Við úthlutun styrkja skal stjórn sjóðsins leggja mat á umsóknir með hliðsjón af markmiðum sjóðsins skv. 4. gr. Með umsóknum skal fylgja framkvæmda- og kostnaðaráætlun og umsækjandi skal gera grein fyrir fjármögnun verkefnis og öðrum styrktaraðilum, ef einhverjir eru.

Verði árlegu ráðstöfunarfé ekki öllu varið til styrkveitinga skal afgangur þess leggjast við höfuðstól.

Varðandi hæfi stjórnarmanns til afgreiðslu mála vísast til reglna stjórnsýsluréttar.

8. gr.

*Rekstur.*

Þegar ársreikningur fyrir sjóðinn liggur fyrir ákvarðar stjórnin styrkfjárhæð fyrir viðkomandi ár, sbr. 7. gr. Allur rekstrarkostnaður greiðist úr sjóðnum.

9. gr.

*Gerðabók.*

Halda skal gerðabók þar sem skráðar skulu fundargerðir stjórnarfundna. Einnig skal skrá erindi sem sjóðnum berast og hvernig þau eru afgreidd, þar á meðal umsóknir og afgreiðsla styrkja.

10. gr.

*Skipulagsskrá.*

Skipulagsskrá þessa skal taka til endurskoðunar með samþykki meirihluta stjórnar ef annar hvor stofnendanna óskar þess. Skipulagsskráin, svo og breytingar á henni, öðlast þá fyrst gildi er báðir stofnaðilar hafa staðfest hana. Leita skal eftir staðfestingu sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 12. janúar 2011.*

F.h. sýslumanns,

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*